

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað,
nr. 33 27. janúar 1972.

1. gr.

Í stað „45 km“ í 30. gr. komi: 35 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

3. maí 1974.

Nr. 132.

AUGLÝSING

um íslenska stafsetningu.

I. KAFLI

Almennt ákvæði.

1. gr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslu-bækur útgefnar eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn, sem út eru gefin.

2. KAFLI

Um z og afnám hennar.

2. gr.

Ekki skal rita z fyrir upprunalegt tannhljóð (d, ð, t) + s, þar sem tannhljóðið er fallið brott í eðlilegum, skýrum framburði.

3. gr.

Til leiðbeiningar skal bent á eftirfarandi atriði:

- a) Í stofnum fallorða skal tannhljóð haldast á undan s, ef það kemur fram í einhverju falli orðsins. Skiptir þá eigi máli, hvort tannhljóðið er borið fram eður ei, t. d. lofts (af loft), lats (af latur), lands (af land), skorts (af skortur) o. s. frv.
- b) Í orðstofnum skal tannhljóð haldast á undan s, ef svo er borið fram, t. d. reiðstu (af reiðast), gleðstu (af gleðjast); (hefur mæðst) (af mæða(st)), græðst (af græða(st)), dáðst (af dá(st)); greiðsla, breiðsla o. s. frv.
- c) Ef stofn lýsingarháttar þátíðar sagnar eða lýsingarorðs endar á -tt samkvæmt uppruna, skal þeim stöfum sleppt, ef endingin -st fer á eftir, t. d. (hefur) sest (af